

um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Ríkið rekur verksmiðju í Siglufirði til fullvinnslu og verkunar ýmiss konar sjávarafurða og nefnist hún Lagmetisiðjan Siglósilid.

2. gr.

Lagmetisiðjan vinnur að niðurlagningu, niðursuðu og hvers konar fullvinnslu matarréttanna úr sjávarafurðum og öðrum islenzkum hráefnum. Jafnframt hefur verksmiðjan forustu um tilraunastarfsemi á þessu framleiðslusviði undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og miðlar reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda.

3. gr.

Ríkið yfirtekur verksmiðjuhús Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, sem nú er í eigu Síldarverksmiðja ríkisins ásamt lóðarréttindum, vélum, áhöldum og öðru því, sem nú er notað við rekstur niðurlagningarverksmiðjunnar, og skal verð eignanna greitt með skuldajöfnun milli ríkissjóðs og Síldarverksmiðja ríkisins.

Iðnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd, er annast yfirtöku og verðlagningu eignanna af hálfu ríkisins. Náist ekki samkomulag við stjórn Síldarverksmiðja ríkisins um verð eignanna eða annað það, sem lýtur að yfirtöku þeirra, sker ríkisstjórnin úr.

4. gr.

Ríkissjóður leggur fram 15 milljónir króna til að fullkomna vélakost verksmiðjunnar og til að tryggja eðlilegan rekstur hennar.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram nauðsynlegt fjármagn til stækkunar verksmiðjunnar.

5. gr.

Iðnaðarráðherra skipar 5 menn í stjórn Lagmetisiðjunnar og skulu eftirtaldir aðilar tilnefna mann í stjórnina: fjármálaráðuneytið, bæjarstjórn Siglufjarðar og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Starfsfólk verksmiðjunnar tilnefnir einn mann samkvæmt nánari reglum, sem ráðuneytið setur. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

6. gr.

Ráðherra ákveður laun stjórnar og setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 47 7. maí 1946, um Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, svo og lög nr. 60 24. maí 1947, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögin um Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins í Siglufirði eiga aldarfjórðungs afmæli á þessu ári, en verksmiðjan sjálf hefur þó varla slitið barnsskónum enn þá. Það var í maí 1946, að ríkisstjórninni var heimilað með lögum „að reisa og reka á Siglufirði verksmiðju til þess að sjóða niður og leggja síld í dósir“ (1. gr.). Var tilgangurinn samkvæmt 2. gr. „að hafa forystu um niðursuðu og niðurlagningu síldar í dósir með það fyrir augum að miðla reynslu og þekkingu á þessu sviði til annarra

slikra verksmiðja . . .“ En það var ekki fyrr en um það bil einum og hálfum áratug síðar, að lögín komu til framkvæmda.

Með breytingu á lögum í maímánuði 1947 var stjórn Síldarverksmiðja ríkisins falið að annast byggingu og rekstur verksmiðjunnar. Í byrjun sjöunda áratugsins var starfsemi verksmiðjunnar loks hafin og hefur stjórn S. R. haft rekstur hennar með höndum. Fyrstu árin var framleiðsla lítil vegna skorts á mörkuðum og var því nokkurt tap á rekstrinum. Á seinni árum hefur framleiðslan stórukizt og reksturinn gengið betur. Á þessu ári er útlit fyrir, að álitlegur hagnaður verði af rekstrinum, og hefur þá verið reiknað með þóknun til S. R. fyrir bókhald og skrifstofukostnað kr. 480 000.00 og vegna leigu á húsnæði og tækjum kr. 2 236 100.00, eins og verið hefur undanfarin ár.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt, að verksmiðjan verði gerð að sjálfstæðu fyrirtæki og sett undir sérstaka stjórn. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að verksmiðjan fái nokkurt fjármagn til að fullkomna tækjabúnað sinn og til að tryggja eðlilegan rekstur.

Á árinu 1970 flutti niðurlagningarverksmiðjan í Siglufirði meiri framleiðsluverðmæti á erlendan markað en nokkur önnur íslensk niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðja eða fyrir 38.4 milljónir króna og reikna má með því, að verksmiðjan flytji á þessu ári út framleiðslu fyrir um 85 milljónir króna. Með fyrirhuguðum aðgerðum til eflingar þessari iðngrein og uppbyggingu sölumiðstöðvar, má vænta þess, að framleiðsla Siglóverksmiðjunnar eigi eftir að stórukast. Til þess að það verði mögulegt, verður þó verksmiðjan að hafa nokkurt rekstrarfé.

Núverandi nafn verksmiðjunnar er rangnefni, þar eð verksmiðjan sýður ekki niður. Er nauðsynlegt, að fundið verði gott, sameiginlegt heiti á þeim iðnaði, sem kenndur er við niðursuðu og niðurlagningu. Hér er farið á flöt með nýtt nafn „lagmeti“ og iðngreinin kölluð „lagmetisiðja“, en jafnframt er verksmiðjan kennd við vörumerki sitt og nefnd „Lagmetisiðjan Siglósíld“.

Frumvarpið er undirbúið af svokallaðri niðursuðunefnd, sem skipuð var af iðnaðarráðherra 30. ágúst s. l.